

Svar

félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um fæðingar- og foreldraorlof.

Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar sem í umboði félags- og barnamálaráðherra, sbr. lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, annast greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra á innlendum vinnumarkaði annars vegar og greiðslu fæðingarstyrkja úr ríkissjóði til foreldra utan vinnumarkaðar eða í fullu námi hins vegar.

Þegar skoðuð er nýting foreldra á rétti þeirra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrks, m.a. með tilliti til hámarks- og lágmarksgreiðslna, hafa tölulegar upplýsingar verið skoðaðar út frá því ári sem barn er fætt, ættleitt eða tekið í varanlegt fóstur en ekki greiðsluári.¹ Helgast sú framkvæmd af þeirri tímallengd sem foreldrar hafa til að nýta rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrks. Í ljósi framangreinds eru tölulegar upplýsingar í svari þessu um árin 2017, 2018 og 2019 bráðabirgðaupplýsingar.² Endanlegar upplýsingar um árið 2017 munu liggja fyrir um áramótin 2019/20, fyrir árið 2018 um áramótin 2020/21 og fyrir árið 2019 um áramótin 2021/22.

1. *Hversu margir fengu greiðslur vegna fæðingarorlofs annars vegar og fæðingarstyrk hins vegar samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. maí 2019? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári, kyni, tekjubili, meðaltímalengd orlofstöku og tegundum fæðingarstyrkja.*

Fæðingarorlof.

Í töflu 1 má sjá heildarfjölda foreldra sem fengu greitt fæðingarorlof úr Fæðingarorlofssjóði frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019, skipt eftir kyni, tekjubilum og meðaltímalengd orlofstöku.

Tekjubilin í töflu 1 sýna meðaltal heildarlauna foreldra fyrir töku fæðingarorlofs en greiðslur Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi reiknast síðan sem 80% af þeirri fjárhæð þó með þeirri takmörkun sem leiðir af hámarksgreiðslu skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Þá er foreldrum í 25–49% starfi tryggð lágmarksgreiðsla í fæðingarorlofi miðað við starfshlutfall sitt í samræmi 7. mgr. 13. gr. sömu laga.

¹ Til hægðarauka er almennt talað um fæðingarár í töflum og texta.

² Bráðabirgðaupplýsingar eru merktar með stjörnu í töflum sem fylgja svari þessu.

Tafla 1.

Fæðingarár	Fæðingarorlof									
	2015		2016		2017*		2018*		2019*	
	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi
FADIR ALLS	2.958	87	2.975	88	3.143	90	3.248	81	1.198	74
<100.000	69	88	65	91	65	92	56	87	10	55
100.000-199.999	192	88	126	91	103	90	101	88	19	91
200.000-299.999	381	92	287	88	213	87	166	90	62	73
300.000-399.999	590	91	553	89	438	94	401	84	144	77
400.000-499.999	608	91	600	90	609	91	556	86	209	74
500.000-749.999	788	81	928	86	1.128	90	1.286	81	459	75
750.000-1.000.000	216	76	271	79	406	88	482	74	200	74
1.000.000+	114	88	145	92	181	81	200	73	90	69
MÓÐIR ALLS	3.205	182	3.263	183	3.297	183	3.532	183	1.438	179
<100.000	164	173	143	175	97	180	83	177	39	172
100.000-199.999	449	182	359	177	264	176	211	181	82	171
200.000-299.999	870	184	816	185	582	182	533	182	192	177
300.000-399.999	760	183	793	187	809	185	796	184	298	182
400.000-499.999	433	184	542	185	645	185	688	183	304	177
500.000-749.999	419	181	463	182	687	182	937	185	388	183
750.000-1.000.000	79	176	106	177	166	182	222	182	104	180
1.000.000+	31	171	41	170	47	169	62	179	31	182

Árið 2015 voru tekjuhóparnir 400.000–499.999 kr. og 500.000–749.999 kr. fjölmennastir hjá feðrum og fyrstu fimm mánuði ársins 2019 eru þessir sömu tekjuhópar enn fjölmennastir hjá feðrum. Hjá mæðrum voru tekjuhóparnir 200.000–299.999 kr. og 300.000–399.999 kr. aftur á móti fjölmennastir árið 2015 en fyrstu fimm mánuði ársins 2019 eru tekjuhóparnir 400.000–499.999 kr. og 500.000–749.999 kr. fjölmennastir hjá mæðrum líkt og hjá feðrum.

Árið 2015 var meðaltímalengd orlofstöku lengst í tekjuhópnum 200.000–299.999 kr. og 400.000–499.999 kr. hjá feðrum og fyrstu fimm mánuði ársins 2019 er meðaltímalengd orlofstöku lengst í tekjuhópnum 100.000–199.999 kr. og 300.000–399.999 kr. hjá feðrum. Hjá mæðrum var meðaltímalengd orlofstöku aftur á móti lengst í tekjuhópnum 200.000–299.999 kr. og 400.000–499.999 kr. árið 2015 en fyrstu fimm mánuði ársins 2019 er meðaltímalengd orlofstöku lengst í tekjuhópnum 500.000–749.999 kr. og 1.000.000 kr. og hærra hjá mæðrum.

Fæðingarstyrkir.

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda foreldra utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi og heildarfjölda foreldra í fullu námi sem fengu greidda fæðingarstyrki úr ríkissjóði frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019 skipt eftir styrkfjárhæð, kyni og meðaltímalengd orlofstöku.

Tafla 2.

Fæðingarár	Fæðingarstyrkir									
	2015		2016		2017*		2018*		2019*	
	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi	Fjöldi umsækjenda	Meðal- dagafjöldi
Utan vinnumarkaðar	436	142	390	139	387	138	333	138	121	137
FADIR ALLS	94	90	92	95	90	94	68	91	17	100
MÓÐIR ALLS	342	156	298	153	297	151	265	151	104	143
Námsmenn	620	150	480	147	468	147	388	145	130	143
FADIR ALLS	178	103	151	96	139	95	105	92	34	94
MÓÐIR ALLS	442	168	329	171	329	169	283	165	96	161

Árið 2015 þáðu 94 feður utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi fæðingarstyrk á meðan 342 mæður þáðu sama styrk. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hafa 17 feður utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi þegið fæðingarstyrk og 104 mæður. Meðaltíma-

lengd fæðingarstyrks til feðra utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi var 90 dagar á árinu 2015 en 156 dagar hjá mæðrum. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 er meðaltímalengd fæðingarstyrks 100 dagar hjá feðrum utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi en 143 dagar hjá mæðrum.

Árið 2015 þáðu 178 feður í fullu námi fæðingarstyrk á meðan 442 mæður þáðu sama styrk. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hafa 34 feður í fullu námi þegið fæðingarstyrk og 96 mæður. Meðaltímalengd fæðingarstyrks til feðra í fullu námi var 103 dagar á árinu 2015 en 168 dagar hjá mæðrum. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 er meðaltímalengd fæðingarstyrks hjá feðrum í fullu námi 94 dagar en 161 dagur hjá mæðrum.

2. *Hversu margir fengu hámarksgreiðslu í fæðingarorlofi, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000, á framangreindu tímabili? Hversu margir urðu fyrir skerðingu vegna þaks á fæðingarorlofsgreiðslum? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári, meðaltímalengd orlofstöku og kyni.*

Af 3. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof leiðir að greiðsla til foreldris í fæðingarorlofi getur ekki orðið hærri en sem nemur tiltekinni fjárhæð á mánuði. Hefur slík fjárhæð verið kölluð hámarksfjárhæð eða þak á greiðslur. Í töflu 3 má sjá þróun hámarks- og lágmarksgreiðslna í fæðingarorlofi og fjárhæða fæðingarstyrkja á tímabilinu 2015–2019.

Tafla 3.

Fæðingarár	Hámarks- og lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofi			Styrkgreiðslur	
	Hámarksgreiðslur	Lágmarks gr 25-49%	Lágmarks gr 50-100%	Utan vinnumarkaðar	Námsmenn
2015	370.000	100.720	139.591	60.911	139.591
2016	370.000	110.490	153.131	66.819	153.131
15.10.2016	500.000	118.335	164.003	71.563	164.003
2017*	500.000	118.335	164.003	71.563	164.003
2018*	520.000	123.897	171.711	74.926	171.711
2019*	600.000	128.357	177.893	77.624	177.893

Í töflu 4 má sjá heildarfjölda foreldra sem fengu hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 3. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019, skipt eftir ári, hámarksfjárhæðum, meðaltímalengd orlofstöku og kyni.

Tafla 4.

Fæðingarár	Fjöldi foreldra í hámarki									
	2015		2016		2017*		2018*		2019*	
	Fjöldi foreldra	Meðal-tímalengd	Fjöldi foreldra	Meðal-tímalengd	Fjöldi foreldra	Meðal-tímalengd	Fjöldi foreldra	Meðal-tímalengd	Fjöldi umsækjenda	Meðal-tímalengd
Faðir hámark	1.344	83	1.375	85	1.045	87	1.112	76	292	72
Móðir hámark	676	176	698	177	450	178	512	181	136	179
Alls	2.020	105	2.073	111	1.495	114	1.624	109	428	106

Árið 2015 fengu 1.344 feður hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi á meðan 676 mæður fengu hámarksgreiðslur. Alls hafa 292 feður fengið hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi á meðan 136 mæður hafa fengið hámarksgreiðslur fyrstu fimm mánuði ársins 2019. Árið 2015 var meðaltímalengd orlofstöku feðra sem fengu hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi 82 dagar en 176 dagar hjá mæðrum. Meðaltímalengd orlofstöku feðra sem hafa fengið skertar greiðslur er 72 dagar en 179 dagar hjá mæðrum fyrstu fimm mánuði ársins 2019.

3. *Hversu langt fæðingarorlof að meðaltali tóku mæður annars vegar og feður hins vegar á framangreindu tímabili? Hversu margir fullnýttu rétt til fæðingarorlofs og hvernig skiptust sameiginlegu mánuðirnir þrír milli foreldra? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári, kyni, tekjubili og tegundum fæðingarstyrkja.*

Í töflu 1 í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar má sjá meðaltímalengd fæðingarorlofs foreldra skipt eftir ári, kyni og tekjubilum og í töflu 2 í svari við sama tölulið má sjá meðaltímalengd fæðingarstyrkja skipt eftir styrkfjárhæðum, ári og kyni. Í töflu 5 má sjá hversu margir foreldrar fullnýttu rétt sinn til fæðingarorlofs á tímabilinu skipt eftir ári, kyni og tekjubilum.

Tafla 5.

Fæðingarorlof - Fullnýting réttar					
Fæðingarár	2015	2016	2017*	2018*	2019*
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
	foreldra	foreldra	foreldra	foreldra	foreldra
FÆÐIR ALLS	1.944	2.022	2.189	1.958	668
<100.000	47	47	49	37	3
100.000-199.999	147	98	75	76	17
200.000-299.999	274	209	152	124	33
300.000-399.999	417	396	331	257	83
400.000-499.999	440	438	446	364	122
500.000-749.999	447	598	791	761	255
750.000-1.000.000	111	144	244	245	113
1.000.000+	61	92	101	94	42
MÓÐIR ALLS	3.172	3.335	3.261	3.516	1.428
<100.000	160	139	95	83	39
100.000-199.999	441	353	260	209	80
200.000-299.999	862	809	574	535	192
300.000-399.999	754	790	806	792	296
400.000-499.999	429	538	641	679	303
500.000-749.999	418	562	675	936	383
750.000-1.000.000	78	105	164	222	104
1.000.000+	30	39	46	60	31

Árið 2015 voru tekjuhóparnir 400.000–499.999 kr. og 500.000–749.999 kr. fjölmennastir hjá feðrum sem fullnýttu rétt sinn til fæðingarorlofs en tekjuhóparnir 200.000–299.999 kr. og 300.000–399.999 kr. hjá mæðrum. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 eru tekjuhóparnir 400.000–499.999 kr. og 500.000–749.999 kr. fjölmennastir hjá feðrum og eru sömu tekjuhópar fjölmennastir hjá mæðrum.

Í töflu 6 má sjá hversu margir foreldrar fullnýttu rétt sinn til fæðingarstyrks frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019 skipt eftir ári og kyni.

Tafla 6.

Fæðingarstyrkir - Fullnýting réttar					
Fæðingarár	2015	2016	2017*	2018*	2019*
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
	foreldra	foreldra	foreldra	foreldra	foreldra
Utan vinnumarkaðar	421	170	369	328	123
FADIR ALLS	83	86	80	65	17
MÓÐIR ALLS	338	84	289	263	106
Námsmenn	605	421	452	374	133
FADIR ALLS	166	137	126	92	35
MÓÐIR ALLS	439	284	326	282	98

Árið 2015 fullnýttu 83 feður utan vinnnumarkaðar eða í minna en 25% starfi fæðingarstyrk á meðan 338 mæður fullnýttu sama styrk. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hafa 17 feður utan vinnnumarkaðar eða í minna en 25% starfi fullnýtt fæðingarstyrk og 106 mæður hafa fullnýtt sama styrk.

Árið 2015 fullnýttu 166 feður í fullu námi fæðingarstyrk á meðan 439 mæður í fullu námi fullnýttu sama styrk. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hafa 35 feður í fullu námi fullnýtt fæðingarstyrk og á meðan 98 mæður í fullu námi hafa fullnýtt sama styrk.

Í töflu 7 má sjá hvernig foreldrar skiptu með sér sameiginlegum rétti til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019 skipt eftir ári, kyni, tekjubilum og tegundum fæðingarstyrkja. Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks í þrjú mánuði sem annað þeirra getur tekið í heild eða þau skipt með sér. Þannig getur annað foreldrið átt rétt til fæðingarorlofs á meðan hitt foreldrið á rétt til fæðingarstyrks. Mikilvægt er að hafa það í huga við lestur samtalna í töflu 7.

Tafla 7.

NÝTINGSAMGJINLEGS RÉTTAR											
Fæðingarár 2015											
Fæðingarstærðir		Fæðingarorlof - Te lj ubil									
Útan vinnu mark.	Námsm.	<100.000	100.000-199.999	200.000-299.999	300.000-399.999	400.000-499.999	500.000-749.999	750.000-1.000.000	1.000.000+	Samtal s	
Faðir											
Te kur all an rétt	4	27	7	8	39	54	43	39	10	15	246
Jöfn skipting	4	5	1	2	1	1	5	3	2	0	24
Meirihluti daga	0	1	1	1	5	3	7	9	1	0	28
Minni hluti daga	0	1	0	5	7	15	11	19	2	3	63
Móðir											
Te kur all an rétt	356	233	127	383	793	707	409	391	66	23	3488
Jöfn skipting	4	7	0	4	4	2	2	1	0	0	24
Meirihluti daga	4	16	5	8	11	10	4	2	2	1	63
Minni hluti daga	3	5	1	4	2	5	1	5	0	2	28
Fæðingarár 2016											
Fæðingarstærðir		Fæðingarorlof - Te lj ubil									
Útan vinnu mark.	Námsm.	<100.000	100.000-199.999	200.000-299.999	300.000-399.999	400.000-499.999	500.000-749.999	750.000-1.000.000	1.000.000+	Samtal s	
Faðir											
Te kur all an rétt	6	16	5	9	16	34	25	56	18	14	199
Jöfn skipting	3	0		1	1	3	5	8	1	1	23
Meirihluti daga	1	1	1	1	3	8	11	10	2	5	43
Minni hluti daga	2	2		1	10	14	23	29	7	2	90
Móðir											
Te kur all an rétt	188	273	113	288	744	751	501	425	92	31	3406
Jöfn skipting	6	0	1	3	3	2	2	4	2		23
Meirihluti daga	8	14	4	15	7	12	11	10	6	3	90
Minni hluti daga	2	4	2	11	10	6	1	3	3	1	43
Fæðingarár 2017*											
Fæðingarstærðir		Fæðingarorlof - Te lj ubil									
Útan vinnu mark.	Námsm.	<100.000	100.000-199.999	200.000-299.999	300.000-399.999	400.000-499.999	500.000-749.999	750.000-1.000.000	1.000.000+	Samtal s	
Faðir											
Te kur all an rétt	6	14	6	9	15	38	45	77	34	12	256
Jöfn skipting	5				3	4		8	1	1	22
Meirihluti daga	1		1	1		5	4	16	6	2	36
Minni hluti daga	1	4	1	1	3	10	19	37	16	5	97
Móðir											
Te kur all an rétt	186	264	74	219	508	745	602	635	148	37	3418
Jöfn skipting	6	1	1	3	3	4		4			22
Meirihluti daga	10	18	3	4	18	10	14	11	7	2	97
Minni hluti daga	6	4	4	4	2	5	3	5		3	36
Fæðingarár 2018*											
Fæðingarstærðir		Fæðingarorlof - Te lj ubil									
Útan vinnu mark.	Námsm.	<100.000	100.000-199.999	200.000-299.999	300.000-399.999	400.000-499.999	500.000-749.999	750.000-1.000.000	1.000.000+	Samtal s	
Faðir											
Te kur all an rétt	4	8	3	7	15	29	41	75	27	13	222
Jöfn skipting	1	1		1	1	1	1	4	4		14
Meirihluti daga	1			1	1	3	7	16	2	3	34
Minni hluti daga			1	3	3	8	16	36	14	4	85
Móðir											
Te kur all an rétt	168	212	68	172	465	721	628	878	201	53	3666
Jöfn skipting	1	1	2	2	1	1	4	1	1		14
Meirihluti daga	4	17	2	5	6	14	17	11	4	5	85
Minni hluti daga	8	4	2	3	6	3	3	2	3		34
Fæðingarár 2019*											
Fæðingarstærðir		Fæðingarorlof - Te lj ubil									
Útan vinnu mark.	Námsm.	<100.000	100.000-199.999	200.000-299.999	300.000-399.999	400.000-499.999	500.000-749.999	750.000-1.000.000	1.000.000+	Samtal s	
Faðir											
Te kur all an rétt	1	2	0	1	8	13	12	22	12	4	75
Jöfn skipting	1	1				1	2	5			10
Meirihluti daga								4		1	5
Minni hluti daga	1			1		4	5	19			30
Móðir											
Te kur all an rétt	61	74	32	61	165	274	266	365	97	29	1424
Jöfn skipting	1	2	1	1		1	1	3			10
Meirihluti daga	2	4	1	4	3	5	6	2	3		30
Minni hluti daga		1			1			2	1		5

Af töflu 7 má sjá að vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur á árinu 2015 tóku 246 feður sameiginlega réttinn í heild á meðan 3.488 mæður tóku réttinn í heild. Alls skiptu 115 foreldrar réttinum á milli sín þannig að 24 foreldrar skiptu honum jafnt en í 28 tilvikum tóku feður fleiri daga en mæður og í 63 tilvikum tóku mæður fleiri daga en feður.

Vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur á árinu 2016 tóku 199 feður sameiginlega réttinn í heild á meðan 3.406 mæður tóku réttinn í heild. Alls skiptu 156

foreldrar réttinum á milli sín þannig að 23 foreldrar skiptu honum jafnt en í 43 tilvikum tóku feður fleiri daga en mæður og í 90 tilvikum tóku mæður fleiri daga en feður.

Vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2017 hafa 256 feður tekið sameiginlega réttinn í heild á meðan 3.418 mæður hafa tekið réttinn í heild. Alls hafa 155 foreldrar skipt réttinum á milli sín þannig að 22 foreldrar hafa skipt honum jafnt en í 36 tilvikum hafa feður tekið meiri hluta daga og í 97 tilvikum hafa mæður tekið meiri hluta daga.

Vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2018 hafa 222 feður tekið sameiginlega réttinn í heild á meðan 3.566 mæður hafa tekið réttinn í heild. Alls hafa 133 foreldrar skipt réttinum á milli sín þannig að 14 foreldrar hafa skipt honum jafnt en í 34 tilvikum hafa feður tekið meiri hluta daga og í 85 tilvikum hafa mæður tekið meiri hluta daga.

Vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hafa 75 feður tekið sameiginlega réttinn í heild á meðan 1.424 mæður hafa tekið réttinn í heild. Alls hafa 45 foreldrar skipt réttinum á milli sín þannig að 10 foreldrar hafa skipt honum jafnt en í 5 tilvikum hafa feður tekið meiri hluta daga og í 30 tilvikum hafa mæður tekið meiri hluta daga.

4. Hversu margir dreifðu greiðslum vegna fæðingarorlofs yfir lengri tíma og hversu hátt hlutfall gerði það samhliða hlutastarfi á framangreindu tímabili? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári, kyni, tekjubili og tegundum fæðingarstyrkja.

Með dreifðum greiðslum í fæðingarorlofi er átt við tímabil þar sem tóku fæðingarorlofs og þar með greiðslum er dreift á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, hvort sem það er launað eða ólaunað. Þar undir falla þá ekki þau tilvik þar sem foreldrar hafa skipt fæðingarorlofi og þar með greiðslum á fleiri en eitt tímabil og þau tilvik þar sem fæðingarorlof er tekið samfellt.

Hvað varðar fæðingarstyrki er meginreglan sú að óheimilt er að skipta greiðslutímabili þeirra yfir á fleiri en eitt tímabil nema í þeim tilvikum þegar foreldri er komið á vinnumarkað fyrir fæðingardag barns, ættleiðingu þess eða tóku í varanlegt fóstur og hefur þannig öðlast rétt til fæðingarorlofs en uppfyllir ekki skilyrði til greiðslna úr Fæðingarorlofsjóði og á því rétt á fæðingarstyrk.

Í töflu 8 má sjá heildarfjölda foreldra sem dreifðu greiðslum í fæðingarorlofi yfir lengri tíma frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019 skipt eftir ári, kyni og tekjubilum. Ekki liggja fyrir sundurliðaðar upplýsingar um það hversu margir foreldrar dreifðu greiðslum í fæðingarorlofi samhliða hlutastarfi eða hversu margir foreldrar gerðu það ekki.

Tafla 8.

Fæðingarár	Fæðingarorlof - Dreifðar greiðslur				
	2015	2016	2017*	2018*	2019*
FÆÐIR ALLS	1.954	2.044	2.261	2.155	995
<100.001	32	30	42	31	5
100.000-199.999	91	61	48	37	17
200.000-299.999	210	167	131	87	36
300.000-399.999	394	375	289	266	104
400.000-499.999	441	463	448	389	168
500.000-749.999	561	667	863	889	399
750.000-1.000.000	145	185	314	331	192
1.000.000+	80	96	126	125	74
MÓÐIR ALLS	2.220	2.300	2.415	2.675	1.797
<100.001	65	53	43	41	24
100.000-199.999	216	182	138	109	55
200.000-299.999	610	561	395	347	201
300.000-399.999	584	602	631	609	368
400.000-499.999	344	439	512	560	387
500.000-749.999	328	356	542	783	577
750.000-1.000.000	59	80	124	183	148
1.000.000+	14	27	30	43	37

Árið 2015 voru tekjuhóparnir 400.000–499.999 kr. og 500.000–749.999 kr. fjölmennastir hjá feðrum sem dreifðu greiðslum í fæðingarorlofi en tekjuhóparnir 200.000–299.999 kr. og 300.000–399.999 kr. hjá mæðrum og fyrstu fimm mánuði ársins 2019 eru tekjuhóparnir 500.000–749.999 kr. og 750.000–1.000.000 kr. fjölmennastir hjá feðrum en tekjuhóparnir 400.000–499.999 kr. og 500.000–749.999 kr. hjá mæðrum.

5. *Hversu margir tóku samfelld fæðingarorlof á framangreindu tímabili? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári, kyni, tekjubili og tegundum fæðingarstyrkja.*

Með samfelldu fæðingarorlofi er átt við tímabil þar sem tóku fæðingarorlofs hefur ekki verið skipt niður á fleiri en eitt tímabil eða greiðslum dreift á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, hvort sem það er launað eða ólaunað.

Í töflu 9 má sjá heildarfjölda foreldra sem tóku samfelld fæðingarorlof frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019 skipt eftir ári, kyni og tekjubilum.

Tafla 9.

Fæðingarorlof - Samfelld					
Fæðingarár	2015	2016	2017*	2018*	2019*
FÆÐIR ALLS	999	922	890	1.144	972
<100.001	37	35	23	25	12
100.000-199.999	101	65	55	66	18
200.000-299.999	170	120	83	84	59
300.000-399.999	195	178	149	143	97
400.000-499.999	167	137	164	172	167
500.000-749.999	226	257	268	418	380
750.000-1.000.000	69	82	92	159	165
1.000.000+	34	48	56	77	74
MÓÐIR ALLS	984	963	882	860	650
<100.001	99	90	54	42	34
100.000-199.999	233	177	126	102	68
200.000-299.999	260	255	187	188	115
300.000-399.999	176	191	178	188	150
400.000-499.999	89	103	133	126	121
500.000-749.999	91	107	145	156	103
750.000-1.000.000	20	26	42	39	38
1.000.000+	16	14	17	19	21

Á árinu 2015 voru tekjuhóparnir 300.000–399.999 kr. og 500.000–749.999 kr. fjölmennastir hjá feðrum sem tóku fæðingarorlof samfelld en tekjuhóparnir 100.000–199.999 og 200.000–299.999 kr. hjá mæðrum og fyrstu fimm mánuði ársins 2019 eru tekjuhóparnir 400.000–499.999 kr. og 500.000–749.999 kr. fjölmennastir hjá feðrum en tekjuhóparnir 300.000–399.999 og 400.000–499.999 kr. hjá mæðrum.

Í töflu 10 má sjá heildarfjölda foreldra sem tóku fæðingarstyrki samfelld frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019 skipt eftir ári og kyni.

Tafla 10.

Fæðingarstyrkir - Samfelldir					
Fæðingarár	2015	2016	2017*	2018*	2019*
Utan vinnumarkaðar	431	383	374	329	204
FÆÐIR ALLS	89	88	85	65	23
MÓÐIR ALLS	342	295	289	264	181
Námsmenn	605	462	451	370	224
FÆÐIR ALLS	172	141	127	95	49
MÓÐIR ALLS	433	321	324	275	175

Árið 2015 tóku 89 feður utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi fæðingarstyrk samfelld á meðan 342 mæður tóku sama styrk samfelld. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hafa 23 feður utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi tekið fæðingarstyrk samfelld og 181 móðir.

Árið 2015 tóku 172 feður í fullu námi fæðingarstyrk samfelld á meðan 433 mæður tóku sama styrk samfelld. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hafa 49 feður í fullu námi tekið fæðingarstyrk samfelld og 175 mæður.

6. *Hversu margir foreldrar fengu hvorki greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði né greiddan fæðingarstyrk á framangreindu tímabili og hvað olli því? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári og kyni.*

Í töflu 11 má sjá heildarfjölda foreldra sem fengu ekki greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði né greidda fæðingarstyrki frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019 skipt eftir ári og kyni. Um er að ræða upplýsingar um heildarfjölda foreldra sem koma sjálfkrafa fram með foreldrum sem sækja um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrki þar sem hjúskapar- eða sambúðarstaða er skráð með þeim hætti hjá Þjóðskrá Íslands. Eins eru þetta foreldrar sem umsóknarforeldri hefur gefið upp á umsókn sinni sem hitt foreldri barnsins. Upplýsingar um hvað olli því að framangreindir aðilar fengu ekki greitt úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrki liggja ekki fyrir en samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun er algengasta ástæða þess að foreldri fær ekki greitt úr Fæðingarorlofssjóði eða greiddan fæðingarstyrk sú að það hefur einfaldlega ekki sótt um.

Tafla 11.

Fjöldi foreldra sem fengu ekki greitt					
Fæðingarár	2015	2016	2017*	2018*	2019*
FAÐIR ALLS	745	692	616	674	412
MÓÐIR ALLS	87	112	138	111	61
Samtals	832	804	754	785	473

Á árinu 2015 komu 745 feður fram sem fengu ekki greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði eða greiddan fæðingarstyrk og 87 mæður og fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hafa 412 feður komið fram sem hafa ekki fengið greiðslur en 61 móðir. Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að foreldrar hafa allt að 24 mánuði til að taka út réttindi sín og því munu tölur fyrir árið 2019 breytast mikið áður en þær verða endanlegar og þá sér í lagi hjá feðrum en þar hefur reynslan verið sú að þeir sækja oft um greiðslur þegar nokkuð er liðið frá fæðingu barnsins.

7. *Hver hefði orðið kostnaður ríkisins af því að hækka lágmarksgreiðslur í ígildi lágmarkstekjutryggingar kjarasamninga á hverjum tíma á framangreindu tímabili? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári og kyni.*

Í ljósi þess mikla fjölda kjarasamninga sem er í gildi á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera þótti nauðsynlegt að afmarka svarið við ákveðna samninga. Ákveðið var að miða við byrjunarlaun skrifstofufólks samkvæmt kjarasamningum VR og SA á hverjum tíma.

Í töflu 12 má sjá aukinn kostnað ríkisins af því ef allar lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofi og greiðslur fæðingarstyrkja hefðu verið hækkaðar í ígildi byrjunarlauna skrifstofufólks samkvæmt kjarasamningi VR og SA frá byrjun árs 2015 til og með 31. maí 2019 skipt eftir ári og kyni.

Tafla 12.

Lágmarkslaun VR við SA	jan-apríl 2015	maí-des 2015	2016	2017 jan-apríl	2017 maí-des	2018 jan-apríl	2018 maí-des	2019 jan-mars	2019 frá apríl
Verslunar- og skrifstofufólk	232.980	261.380	277.586	277.586	291.777	291.777	300.531	300.531	317.530
Hækkun lágmarksgreiðslna í ígildi lágmarkstekjutryggingar kjarasamninga									
Fæðingarár	2015	2016	2017*	2018*	2019*				
<i>Faðir - aukinn kostnaður</i>	264.641.554	279.152.027	259.790.885	233.102.652	69.808.607				
<i>Móðir - aukinn kostnaður</i>	1.349.744.717	1.410.457.573	1.249.298.438	1.197.886.253	487.495.220				
Aukinn kostnaður	1.614.386.271	1.689.609.600	1.509.089.323	1.430.988.905	557.303.827				

Á árinu 2015 hefði kostnaður vegna feðra hækkað um tæplega 265 millj. kr. og tæplega 1,35 milljarð kr. hjá mæðrum eða alls rúmlega 1,6 milljarð kr. hefðu lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofi og greiðslur fæðingarstyrkja verið hækkaðar upp í það sem nemur byrjunarlaunum skrifstofufólks samkvæmt kjarasamningi VR og SA. Fyrstu fimm mánuði ársins 2019 hefði kostnaður feðra hækkað um tæplega 70 millj. kr. og 487 millj. kr. hjá mæðrum eða alls rúmlega 557 millj. kr.

8. *Foreldrar hversu margra barna, annaðhvort annað foreldri eða báðir, voru í fæðingarorlofi eða hlutu fæðingarstyrk samfellt fyrstu 3, 6, 9, 12, 15 og 18 mánuði af ævi barnsins á framangreindu tímabili? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári, tekjubili og tegundum fæðingarstyrkja.*

Í töflu 13 má sjá heildarfjölda foreldra sem tóku fæðingarorlof og/eða fæðingarstyrki samfellt skipt eftir lengd þeirra tímabila sem þeir tóku vegna barna sem fæddust í marsmánuði árin 2015, 2016 og 2017.

Tafla 13.

Samfellt fæðingarorlof og styrkir			
Samfelldir mánuðir	mar.17	mar.16	mar.15
Samtals	351	330	331
< 3	7	10	11
3 mánuðir	18	11	10
< 6	15	18	26
6 mánuðir	87	78	88
< 9	49	53	57
9 mánuðir	42	49	35
< 12	51	42	58
12 mánuðir	45	37	27
< 15	26	21	14
15 mánuðir	4	7	3
< 18	7	4	2

Í mars 2015 tóku 10 foreldrar fæðingarorlof og/eða fæðingarstyrki samfellt í þrjú mánuði, 11 foreldrar í mars 2016 og 18 foreldrar í mars 2017. Í mars 2015 tóku 88 foreldrar fæðingarorlof og/eða fæðingarstyrki samfellt í sex mánuði, 78 foreldrar í mars 2016 og 87 foreldrar í mars 2017. Í mars 2015 tóku 35 foreldrar fæðingarorlof og/eða fæðingarstyrki samfellt í níu mánuði, 49 foreldrar í mars 2016 og 42 foreldrar í mars 2017.

Rétt er að fram komi að upplýsingar í töflu 13 liggja ekki fyrir sundurliðaðar eftir tekjubilum. Við vinnslu fyrirspurnarinnar þótti nauðsynlegt að afmarka hana nánar við ákveðinn fæðingarmánuð. Var því miðað við fæðingarmánuðina mars 2015, 2016 og 2017 þar sem

skoða þurfti hvert og eitt barn sérstaklega fyrir sig og handvinna upplýsingar um lengd þeirra tímabila sem foreldrar tóku samfellt með börnum sínum.

9. Hversu margir foreldrar nýttu rétt til foreldraorlofs á framangreindu tímabili? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári, kyni, tekjubili og meðaltímalengd orlofs-töku.

Ekki eru til opinberar upplýsingar um töku foreldraorlofs á Íslandi. Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði og fer afgreiðsla foreldraorlofs ekki fram hjá íslenskum stjórnvöldum, heldur milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra. Umbeðnar upplýsingar um nýtingu foreldraorlofs liggja því ekki fyrir.